



Háskólinn á Hólum Ársskýrsla 2013



Efnisyfirlit

Aðfaraorð.....	2
Stjórn og stoðþjónusta	3
Framkvæmda- og háskólaráð	3
Fjöldi starfsmanna	3
Stoðþjónusta.....	4
Fjármála- og þjónustusvið	4
Tölvu- og tæknimál	4
Bókasafn	4
Kynningarmál.....	5
Deildir	6
Ferðamáladeild	6
Nám og kennsla	6
Rannsóknir	6
Þjónusta og samstarf	7
Fiskeldis- og fiskalíffræðideild	9
Nám og kennsla	9
Rannsóknir	9
Þjónusta og samstarf	9
Hestafræðideild	11
Nám og kennsla	11
Rannsóknir	11
Búrekstur – hrossahald.....	11
Önnur verkefni.....	12
Kennslu- og framhaldsnámssvið	13
Nemendur og brautskráningar	14
Rannsóknasvið	15
Rannsóknir og rannsóknastyrkir	15
Rannsóknavirkni	15
Viðauki I. Birtingar 2013	16
Viðauki II. Reikningar Háskólans á Hólum 2013	20

Aðfaraorð

Háskólinn á Hólum býður upp á nám á fræðasviðum sem eru nátengd landfræðilegri stöðu skólans. Sérhæfing náms við háskólann er á fræðasviðum ferðamála í dreifbýli, fiskeldis- og fiskalíffræði og hestafræðum með áherslu á reiðmennsku og reiðkennslu. Fyrirkomulag námsins er ýmist staðbundið þar sem nemendur búa heima á Hólum eða í næsta nágrenni skólans, eða blandað nám (fjarnám með staðbundnum lotum), óháð búsetu.

Á árinu var gerð ytri úttekt á gæðum starfs Háskólans á Hólum. Af því tilefni komu fulltrúar gæðaráðs íslenskra háskóla í heimsókn í mars og kynntu sér starf skólans. Forsvarsmenn skólans báru veg og vanda af skipulagningu heimsóknarinnar og hitti úttektarhópurinn fulltrúa yfirstjórnar, starfsfólks, nemenda, samstarfsaðila úr atvinnulífinu og fyrrverandi nemendur að máli. Margir einstaklingar tóku þátt í úttektinni og unnu mikið og óeigingjarnt starf í þágu skólans. Þakkar Háskólinn á Hólum öllum velunnurum skólans sem að máli komu fyrir þeirra framlag háskólanum til hagsbótar. Afrakstur vinnu skólans að gæðamálum var umtalsverður og telja má að í árslok hafi umgjörð náms við skólann verið betri en í upphafi árs. En lengi má gott bæta og það er eðli menntastofnana að horfa fram á veginn og auka gæði starfsins, sem birtist m.a. í aukinni hæfni einstaklinga sem frá skólanum brautskrást og ánægðari starfsmönnum.

Brautskráningar nemenda frá Háskólanum á Hólum marka tvenn tímamót í sögu skólans á árinu. Annars vegar brautskráðust fyrstu kándídatar skólans með B.S. gráðu í reiðmennsku og reiðkennslu frá skólanum í júní og hins vegar brautskráðist síðasti hópur einstaklinga með diplómu í þjálfun og reiðkennslu frá skólanum í október. Þróun skólastarfs og afrakstur skipulags og hugmyndafræði liðinna ára kristallaðist í árangri nemenda skólans á árinu.

Á Hólum tökum við fagnandi á móti þeim sem um okkur vilja fræðast. www.holar.is

Erla Björk Örnólfsdóttir, rektor



Rektor kynnir starf Háskólans á Hólum fyrir nemendum Menntaskólans á Akureyri.

Stjórn og stoðþjónusta

Framkvæmda- og háskólaráð

Stjórn Háskólans á Hólum er falin háskólaráði og rektor. Háskólaráð markar heildarstefnu í kennslu og rannsóknum og mótar skipulag háskóla. Rektor Háskólans á Hólum er Erla Björk Örnólfsdóttir. Rektor er formaður háskólaráðs. Aðrir fulltrúar háskólaráðs voru: Brynhildur Þórarinsdóttir - *varamaður* Edward H. Huijbens, Gísli Árnason - *varamaður* Valdimar Ó. Sigmarsson, Guðrún Lárusdóttir - *varamaður* Arnþrúður Heimisdóttir, Ágústa Guðmundsdóttir-*varamaður* Sigurður S. Snorrason, Sigríður Sigurðardóttir - *varamaður* Jóhannes Tómasson, Ólafur H. Einarsson - *varamaður* Sigrún Ólafsdóttir, Bjarni Kristófer Kristjánsson - *varamaður* Guðrún Helgadóttir og Hekla Katharína Kristinsdóttir - *varamaður* Eiríkur Vilhelm Sigurðarson. Skipunartími háskólaráðs rann út þann 1. október. Síðasta verk Háskólaráðs var að samþykka nýjar starfsreglur Háskólans á Hólum, með hliðsjón af lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla með áorðnum breytingum.

Frá og með 1. júlí fellur starfsemi Háskólans á Hólum undir lög um opinbera háskóla en fram að þeim tíma starfaði háskólinn samkvæmt lögum um búnaðarfræðslu. Starfsemi háskólans hélt áfram með svipuðu sniði eftir sem áður, en þó var fyrsti háskólafundur Háskólans á Hólum haldinn í október og hafist var handa við undirbúning skipunar nýs háskólaráðs.

Framkvæmdaráð háskólans sinnir daglegum rekstri og samræmir starf sviða og deilda. Í því sátu Erla Björk Örnólfsdóttir rektor, Bjarni Kristófer Kristjánsson deildarstjóri, Guðmundur Björn Eyþórsson fjármálastjóri, Sigurbjörg Bjarney Ólafsdóttir mannauðs- og skrifstofustjóri, Guðrún Helgadóttir deildarstjóri og Víkingur Þór Gunnarsson deildarstjóri þar til 1. ágúst, að Sveinn Ragnarsson tók við deildarstjórn og setu í framkvæmdaráði.

Fjöldi starfsmanna

Árið 2013 vann 71 starfsmaður við Háskólann á Hólum, í 45,7 stöðugildum. Þessi mikli munur milli fjölda starfsmanna við skólann og stöðugilda skýrist með því að fjölgun starfsmanna við skólann yfir sumarið var mjög mikil. Á sumartíma kom fólk til starfa við ýmsar rannsóknir innan deildanna, við staðarhald, á búinu og við Hólarannsóknina. Fastir starfsmenn við skólann voru aftur á móti 48 í 41,3 stöðugildum.

Á árinu 2013 hófu störf við skólann: Artemisia Constance Bertus reiðkennari, Brynjar S. Sigurðarson kennari við ferðamáladeild, Elín Jónsdóttir bókari, Guðmundur Jökull Jónsson, starfsmaður á búi, Kári Heiðar Árnason starfsmaður við rannsóknir í Verinu og Georgette Leah Burns, sameiginlegur starfsmaður Háskólans á Hólum og Selaseturs Íslands á Hvammstanga. Á árinu létu af störfum: Gunnar Óskarsson staðarumsjónarmaður, Lára Huld Kristjánsdóttir bókari og Sigurbjörg Bjarney Ólafsdóttir mannauðs- og skrifstofustjóri. Ingólfur Arnar Kristjánsson lét af störfum á búinu en hóf störf sem staðarumsjónarmaður.

Stoðþjónusta

Fjármála- og þjónustusvið

Hlutverk fjármálasviðs er að annast fjárreiður skólans í umboði rektors. Fjármálastjóri er yfirmaður fjármálasviðs, hefur yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar sem er unnin í samvinnu við framkvæmdaráð skólans. Á fjármálasviði er bókhald skólans unnið og eftirlit haft með því að rekstur sé í samræmi við gildandi heimildir.

Skrifstofu- og mannauðsstjóri er yfirmaður þjónustusviðs. Þjónustusvið hefur yfirumsjón með mannauðsmálun og annarri þjónustu við starfmenn, nemendur og gesti skólans ásamt fjölmörgum öðrum verkefnum. Undir þjónustusviðið heyrir tölvuþjónusta, staðarhald, þjónustuborð og bókasafn. Starfsmenn sviðsins voru tíu á árinu, í 8,6 stöðugildum.



Heiðursmannakaffi.

Tölvu- og tæknimál

Samstarf Háskólans á Hólum við aðra háskóla í tölvu- og tæknimálum hefur verið farsælt og um árábil hefur skólinn verið hluti af RHnet-i (www.rhnet.is). Skólinn hefur notið góðs af samstarfi opinberu háskólanna, en í því felst meðal annars; sameiginlegur rekstur á innri vef (ugla.holar.is) og nemendabókhaldskerfi sem og kennslukerfinu Moodle. Um Moodle vefinn fara samskipti milli kennara og nemenda sem og próf- og verkefnaskil. Bæði kerfin voru sett upp í samstarfi við Reiknistofnun Háskóla Íslands og eru hýst þar. Einnig hafa starfsmenn og nemendur nýtt sér Skemmuna (www.skemman.is), en það er sameiginlegur vefur er hýsir lokaritgerðir allra nemenda við háskóla landsins auk fræðilegra greina starfsmanna. Eins og mörg undanfarin ár hefur skólin notað póst og vefþjónustur hjá Google (Google-Doc-Education) með góðum árangari. Fundir og kennsla í gegnum nýlegan fjarfundabúnað hafa aukist (Polycom HDX-7000) og hefur það auðveldað samstarf og samskipti um netið.

Bókasafn

Á árinu var samstarfi við Bókasafn Háskólans á Akureyri (HA) um skráningu og þjónustu við lánþega haldið áfram, samstarfið hófst árið 2009. Starfsmenn bókasafns HA komu að kennslu í heimildanotkun og gagnaöflum í upphafi skólaárs. Starfsmenn safnsins eru með viðveru á Hólum aðra hverja viku og eftir þörfum tengt staðbundnum lotum. Einnig veitir starfsfólk nemendum og kennurum þjónustu með námskeiðum á Hólum, í gegnum tölvupóst og síma.

Kynningarmál

Kynningarmál skólans voru einkum þátttaka í Háskóladeginum, í Reykjavík, á Akureyri og á Egilsstöðum, og Degi menntunar í ferðaðþjónustu, auk móttöku hópa og einstaklinga á Hólum. Nemendur Háskólans á Hólum taka virkan þátt í kynningarstarfi skólans.



Háskóladagurinn 2013. Fulltrúar nemenda Háskólans á Hólum við upphaf kynningar.

Deildir

Háskólinn á Hólum býður nám í þremur deildum: Ferðamáladeild, fiskeldis- og fiskalíffræðideild og hestafræðideild.

Ferðamáladeild

Nám og kennsla

Á árinu voru um það bil 115 nemendaígildi við deildina, þá útskrifuðust 36 nemendur, þar af 19 með BA gráðu, 4 með diplómu í ferðamálum og 13 með diplómu í viðburðastjórnun.

Haustið 2013 innrituðust 63 nýnemar við deildina. Þar af flestir eða 24 í BA nám, 22 í diplómunám í viðburðastjórnun, 16 í diplómunám í ferðamálum og tveir í MA nám. Fjórtán gestanemar frá öðrum opinberum háskólum stunduðu námskeiðum við deildina, samtals 150 ECTS.

Við deildina störfuðu einn prófessor, fjórir lektorar, þrír sérfræðingar og einn aðjúnt, í 6,8 stöðugildum. Stundakennarar voru sex, en auk þess komu fjórir kennarar frá öðrum deildum Háskólans á Hólum að kennslu námskeiða.

Deildarstjóri var Guðrún Helgadóttir prófessor. Fulltrúi deildar í framhaldsnámsnefnd var Ingibjörg Sigurðardóttir, í kennslunefnd var Laufey Haraldsdóttir og í rannsóknarnefnd Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. Námsnefndarfulltrúar kennara voru Kjartan Bollason og Hlín Jóhannesdóttir. Fulltrúar nemenda á deildarfundum voru Anna Margrét Jakobsdóttir, Sigurður Borgar Arnaldsson og Ómar Örn Hauksson, en í námsnefnd Steinunn Gunnsteinsdóttir og Sigurður Borgar Arnaldsson.

Rannsóknir

Rannsóknarverkefni voru einkum á eftirfarandi sviðum: Ferðamennska/ferðapjónusta á jaðarsvæðum, hestar og ferðamennska/-þjónusta, matur og ferðapjónusta.

Starfsfólk deildarinnar birti eina grein í ritrýndu ráðstefnuriti, flutti 13 fyrirlestra á alþjóðlegum ráðstefnum og fjóra á innlendum ráðstefnum, ritaði einn ritdóm í erlendu tímariti, birti tvær rannsóknarskýrslur innanlands, tvær óritrýndar greinar í fagtímariti erlendis og eitt veggspjald á innlendri ráðstefnu. Auk þess fluttu starfsmenn átta fyrirlestra á fundum og ráðstefnum faghópa innan ferðapjónustunnar.

Fyrirlestraröðin „Vísindi og grautur“ stendur saman af mánaðarlegum fyrirlestrum um rannsóknir í ferðamálum. Fyrirlestraröðin hófst árið 2007 og árið 2013 voru fyrirlestrarnir boðnir í fjarfundabúnaði Háskóla Íslands. Eftirtaldir fyrirlestrar voru haldnir:

9. janúar, Dr. Katrín Anna Lund, dósent við ferðamálafræði Háskóla Íslands: *Ferðalög hlutanna: Minjagripir í privídd.*

13. febrúar, Dr. Helga Kristjánsdóttir, sérfræðingur við Rannsóknamiðstöð ferðamála: *Ferðapjónusta og hagfræði.*

13. mars, Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, Háskóla Íslands: *Að finna til smæðar sinnar: Fagurfræðileg upplifun af jöklalandslagi.*

17. mars, Guðný Káradóttir, Íslandsstofu: *Íslenskt hráefni, matarmenning og ferðapjónusta.*

11. september, Dr Reidar Mykletun prófessor við Stavanger University og ritstjóri Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism: *The making of Gladmat – the largest food festival in the Nordic Region*.

9. október, Dr Georgette Leah Burns sérfræðingur við Selasetur Íslands á Hvammstanga og ferðamáladeild Háskólans á Hólum: *Tourism, Animals and Me: the road to Hólar*.

6. nóvember, Dr Alda Metras Mendes, sérfræðingur við Rannsóknamiðstöð ferðamála: *Using choice experiments to evaluate attributes of attraction packages and sensitivity to congestion: the case of Icelandic inbound tourists*.

4. desember, Sigríður Þorgrímsdóttir, sérfræðingur við Byggðastofnun: *Brothættar byggðir – samtal um framtíðina*.



Matur og menning – þjóðlegt veisluborð.

Þjónusta og samstarf

Rannsóknamiðstöð ferðamála er rekin af þremur háskólum, Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Háskólanum á Hólum og situr deildarstjóri ferðamáladeildar í stjórn miðstöðvarinnar.

Ferðamáladeild er í formlegu samstarfi við Selasetur Íslands með sameiginlegum starfsmanni við kennslu og rannsóknir hjá stofnununum tveimur.

Starfsfólk ferðamáladeildar tekur þátt í ýmsum samstarfs- og þjónustuverkefnum. Tveir starfsmenn eru fulltrúar í stjórn Ferðaþjónustunnar á Hólum. Ferðamáladeild á fulltrúa í stjórn Fornverkaskólans sem er samstarfsverkefni Byggðasafns Skagfirðinga, Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og ferðamáladeildar. Starfsemi og aðferðafræði Fornverkaskólans miðar að því að efla og halda við hverfandi handverki og málfari sem tengist íslenskum byggingararfi.

Deildin var gestgjafi alþjóðlegrar ráðstefnu, North Atlantic Forum 2013, sem var bæði fjölsótt og fjölbreytt. Frummælendur voru frá Kína, Kanada, Ástralíu og Ungverjalandi auk Íslands, og þátttakendur frá enn fleiri löndum. Þema ráðstefnunnar var ferðaþjónusta í dreifbýli og var dagskráin fléttuð saman við ferðir um Skagafjörð og Fjallabyggð. Af erlendu samstarfi má einnig nefna verkefnið Riding Native Nordic Breeds, sem styrkt er af NORA og snýst um rannsóknir og yfirfærslu þekkingar í

hestaferðapjónustu á Íslandi, í Færeyjum og Noregi. Jafnframt var stóraukin áhersla lögð á að nýta Erasmus áætlunina, EEA grants og Arctic Fund. Kennarar deildarinnar fóru sem gestakennarar til Université d'Angers í Frakklandi og Leeds Metropolitan University í Bretlandi. Tekið var á móti gestakennurum frá Stavanger Universitet, Noregi; Fachhochschule Westküste: Hochschule für Wirtschaft & Technik, Þýskalandi; Józef Piłsudski University of Physical Education, Póllandi og Escola Superior Agrária de Coimbra, Portúgal.

Auk þessa sitja starfsmenn deildarinnar í ýmsum starfshópum, stjórnnum og ráðum s.s. stjórn NORA, stjórn Rannsóknamiðstöðvar Íslands - Rannís, stjórn Matís, ráðgjafanefnd Northern Periphery á Íslandi og í ritnefnd Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism.



Sólin skein á ráðstefnugesti North Atlantic Forum.

Fiskeldis- og fiskalíffræðideild

Nám og kennsla

Á árinu útskrifuðust sex einstaklingar frá fiskeldis- og fiskalíffræðideild, fimm úr diplómunámi í fiskeldi og einn úr meistaranámi í sjávar- og vatnalíffræði. Á haustönn innrituðust níu nemendur til náms við deildina, þrír í diplómunám, fjórir í meistaranám og tveir nemendur til náms á þriðja ári í sameiginlegu BS námi í sjávar- og vatnalíffræði með Háskóla Íslands. Nemendum í diplómunámi í fiskeldi fækkaði á árinu, en meistaranemum fjölgaði á sama tíma. Einnig var aukinn áhugi á því að stunda doktorsnám undir leiðsögn kennara deildarinnar. Einn doktorsnemi hóf nám haustið 2013 og voru því sex doktorsnemar við deildina á árinu. Um haustið varði Antoine Millet doktorsverkefni sitt við Háskóla Íslands.

Þau námskeið sem deildin býður upp á voru einnig vel sótt af nemendum annarra skóla, en á árinu sóttu fjórir nemendur skiptinám til deildarinnar. Umsóknnum erlendra nemenda um verklegt skiptinám á grunn- eða meistarastigi við deildina fjölgaði einnig og leiðbeindu sérfræðingar deildarinnar fimm nemum, öllum frá Frakklandi, á árinu.

Deildin hefur um margra ára skeið verið í samstarfi við Sjávarútvegskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Haustið 2013 var boðið upp á sex vikna námskeið um fiskeldi og sóttu það fimm nemendur. Í kjölfar námskeiðsins unnu þrír nemendanna að rannsóknarverkefnum við deildina, mun þeim ljúka vorið 2014. Deildin hefur einnig komið að sérhæfðum námskeiðum í fiskeldi víða um heim og voru tvö slík námskeið haldin á árinu, í Thaílandi og Úganda.

Í kjölfar aukins samstarfs opinberu háskólanna hefur í auknum mæli verið óskað eftir því að sérfræðingar deildarinnar kenni námskeið við aðra háskóla. Á árinu kom Bjarni K. Kristjánsson að kennslu í námskeiði í fiskalíffræði við Háskóla Íslands, Skúli Skúlason og Stefán Óli Steingrímsson kenndu námskeið í vatnalíffræði við Landbúnaðarháskóla Íslands, og Stefán Óli Steingrímsson kom að kennslu í námskeiði í vistfræði við Háskólann á Akureyri.

Rannsóknir

Á árinu voru rannsóknir við deildina öflugar og fjölgaði meistara- og doktorsnemunum. Rannsóknatekjur deildarinnar jukust einnig á árinu. Til viðbótar við verkefni sem í gangi eru frá fyrri árum sóttu starfsmenn deildarinnar um fjölmarga styrki til nýrra verkefna.

Á árinu greindu starfsmenn deildarinnar frá niðurstöðum rannsókna sinna í ræðu og riti. Tíu greinar voru birtar í ISI tímaritum og 13 fyrirlestrar haldnir á alþjóðlegum og innlendum ráðstefnum og í boði háskóladeilda.

Þjónusta og samstarf

Háskólinn á Hólum annast bleikjukynbætur samkvæmt samningi við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið. Samningurinn kveður m.a. á um að Háskólinn á Hólum skuli sjá bleikjuframleiðendum á Íslandi fyrir hrognum úr kynbættum stofni og að ekki sé heimilt

að selja hrogn af stofninum úr landi. Kynbæturnar eru fjármagnaðar að hluta til með framlagi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins sem og með hrognasölu. Á árinu var vinnu við úrbætur á eldisrými til kynbótastarfs fram haldið og stefnir í að aðstaðan verði komin í fulla nýtingu á árinu 2014.

Starfsmenn deildarinnar sátu í ritstjórn viðurkenndra fræðirita á árinu. Bjarni K. Kristjánsson var í ritnefnd Environmental Biology of Fishes og Icelandic Agricultural Science.

Starfsmenn fiskeldis- og fiskalíffræðideildar sitja í nefndum og ráðum sem lúta að faglegum málefnum, á vegum hins opinbera. Bjarni K. Kristjánsson er formaður nefndar um innflutning framandi lífvera og sat ásamt Stefáni Óla Steingrímssyni í nefnd um erfðabreyttar lífverur. Helgi Thorarensen var skipaður í stjórn Veiðimálastofnunar, og Stefán Óli er þar varamaður. Stefán Óli Steingrímsson situr í stjórn Laxasetursins á Blönduósi. Á árinu stýrði Skúli Skúlason faghópi um virkjanakosti og líffræði laxfiska í Þjórsá, á vegum verkefnastjórnar þriðju rammaáætlunar.



Sporðatak á bleikju, kynmóður fjölda eldisfiska.

Hestafræðideild

Nám og kennsla

Alls stundaði 71 nemandi nám í hestafræðideild og brautskráðust 40. Af þeim útskrifuðust 23 með diplómu í þjálfun og reiðkennslu og var það í síðasta skipti sem skólinn útskrifar einstaklinga með þá gráðu. Tveir nemendur útskrifuðust með diplómu í tamningum og einn með leiðbeinendapróf – diplómu í reiðmennsku og reiðkennslu.

Árið var merkisár í sögu skólans en þá brautskráðust fyrstu nemendur frá hestafræðideild með BS gráðu í reiðmennsku og reiðkennslu, alls 15 einstaklingar.

Áfram verður unnið að frekari þróun BS-námsins. Jafnframt er greinileg þörf og áhugi á meistaranámi á þessu sviði og undirbúningur þess á frumstigi.

Nemendur og kennarar tóku þátt í ýmsum viðburðum innan og utan skólans, s.s. hestamótum, kennslusýningum og æfingakennslu í reiðmennsku í samvinnu við grunn- og framhaldsskóla héraðsins.



Stoltir kándídatar við brautskráningu í Hóladómkirkju.

Rannsóknir

Nokkrar rannsóknir voru gerðar á árinu, aðallega rannsóknir er snúa að þjálfunarlífeðlisfræði og fódurfræði. Á árinu greindu starfsmenn deildarinnar frá niðurstöðum rannsókna í ræðu og riti. Tvær greinar voru birtar í ISI tímaritum og tveir fyrirlestrar haldnir á alþjóðlegum og innlendum ráðstefnum. Fjöldmörg smærri nemendaverkefni settu svip á skólastarfið á haustönn.

Búrekstur – hrossahald

Skólinn á um 100 hross og er tæpur helmingur þeirra tamdir kennsluhestar. Umfang hrossaræktarinnar hefur verið svipað um árabíl en níu folöld fæddust á árinu. Tvær hryssur voru seldar og fjórar sýndar í kynbótadómi og var meðaleinkunn þeirra 7,88. Húshross í umsjón skólans voru 150-200, eftir viðfangsefnum og árstíma, en útigangur

taldi 70-80 hross. Slæmt árferði með miklu kali varð til þess að hluti túna skólans var endurræktaður, án þess þó að ná fyrir allar kalskemmdir. Uppskeyra var góð, 143 rúllur af grænfóðri og 870 af heyi, en þó þurfti að kaupa 100 rúllur af heyi til að tryggja heyforða vetrarins.

Önnur verkefni

Reiðkennarar skólans tóku þátt í ýmsum reiðsýningum og mótum á árinu s.s. Íslandsmóti, Meistaradeild Norðurlands, KS mótaröðinni og kennslusýningum í Svíþjóð og Finnlandi. Námskeið fyrir félagi í Félagi Tamningamanna var haldið við Hólaskóla á haustdögum þar sem framtamningaferli Hólaskóla var kynnt. Námskeiðið var vel sótt. Þrír af reiðkennurum skólans sóttu endurmenntunarnámskeið á árinu.

Starfsfólk hestafræðideildar Háskólans á Hólum tekur virkan þátt í stefnumótun og þróun starfsgreinarinnar með setu í fagráði í hrossarækt og velferðarnefnd hestamenskunnar.

Skólinn hefur umsjón með Knapamerkjunum en í henni felst ýmiss konar umsýsla og þjónusta við reiðkennara og nemendur, s.s. sala kennslubóka og skráning prófniðurstaðna. Unnið var að enskri þýðingu kennsluefnis Knapamerkjanna eins og fjármagn leyfði. Alls voru skráð 340 próf í gagnagrunn Knapamerkjakerfisins á árinu. Skólinn átti fulltrúa í nefnd mennta- og menningarmálaráðuneytis sem falið var að semja hæfniviðið fyrir nám í hestamennsku á framhaldsskólastigi. Nefndin skilaði af sér tillögum á árinu.

Deildarstjóri situr í stjórn Söguseturs íslenska hestsins en helstu verkefni þess á árinu voru: a) Móttaka gesta yfir sumarmánuðina, b) gagnaskráning í ljósmyndavef setursins í samvinnu við Skjalasafn Skagfirðinga og c) vinna við Orðfák, sérorðasafn tengt íslenska hestinum og hestamennsku.



Fyrsti hópur nemenda háskólans með B.S. gráðu í reiðmennsku og reiðkennslu.

Kennslu- og framhaldsnámssvið

Kennslu- og framhaldsnámssvið Háskólans á Hólum sjá um málefni er snúa að nemendum skólans. Á sviðunum starfa kennslu- og framhaldsnámsnefndir, þar sem fulltrúar nemenda eiga sæti. Einn og sami sviðsstjóri er fyrir bæði sviðin, og skrifstofa kennslusviðs skólans sinnir þörfum beggja sviða. Sviðin hafa umsjón með nemendabókhaldi, inntöku nemenda, gerð kennsluskrár, alþjóðamálum, námsráðgjöf og bera auk þess ábyrgð á gæðastjórnun námsins. Sviðin taka við kærum og umkvörtunum nemenda og skera úr um ágreiningsmál. Á árinu störfuðu þrír starfsmenn í 1,45 stöðugildum á kennslu- og framhaldsnámssviði.

Á árinu var unnið að gæðaúttekt á Háskólanum á Hólum. Ytri gæðaaúttektarnefnd heimsótti skólann í mars og í kjölfar heimsóknarinnar var gefin út matsskýrsla þar sem tilteknir voru þættir sem vel voru gerðir í skólastarfinu og einnig greind atriði þar sem að umbóta var þörf. Í kjölfar úttektarinnar gerði skólinn aðgerðaáætlun um úrbætur, en hluti þeirra sneri beint að kennslusviðum skólans. Á árinu var skipulega unnið að úrbótum og sú vinna heldur áfram.

Sem hluti af samstarfsneti opinberra háskóla var keyptur aðgangur að ritstuldarvarnarforritinu Turnitin. Það forrit eykur möguleika á að greina hugsanlegan ritstuld í verkum nemenda. Á sama tíma og forritið var tekið í notkun voru reglur skólans um ritstuld skerptar.

Samstarf innan samstarfsnets opinberu háskólanna hefur gengið vel. Alls sóttu 22 nemendur annarra opinberra háskóla námskeið við Háskólann á Hólum og fimm nemendur skólans sóttu námskeið til annarra háskóla. Auk þess komu starfsmenn Háskólans á Hólum að kennslu þriggja námskeiða við aðra opinberra háskóla. Kennarar frá Háskóla Íslands komu einnig að kennslu við Háskólann á Hólum.



Afrakstur kynningarstarfs. Kynning fyrir nýnema að hausti 2013.

Nemendur og brautskráningar

Við upphaf skólaársins 2013 – 2014 voru 262 nemendur skráðir við nám við Háskólann á Hólum, en fjöldi nemenda hefur farið vaxandi síðastliðin ár. Á árinu brautskráðust 84 nemendur frá Háskólanum á Hólum. Fjöldi brautskráðra nemenda hefur verið nokkuð jafn frá árinu 2011. Á árinu útskrifuðust 38 nemendur úr ferðamáladeild, sex úr fiskeldis- og fiskalífræðideild og 40 úr hestafræðideild.



Brautskráning að vori 2013.



Brautskráning að hausti 2013.

Rannsóknasvið

Rannsóknasvið stóð fyrir tveimur rannsóknadögum á árinu. Sá fyrri var haldinn 17. maí og þar kynntu starfsmenn og nemendur rannsóknir sínar. Síðari rannsóknadagurinn var 30. október. Þar hélt Skúli Skúlason inngangsfyrirlestur og síðan urðu fjörugar umræður um rannsóknastefnu skólans. Rannsóknanefnd hefur í framhaldi af fundinum unnið að mótun tillögu að rannsóknastefnu fyrir skólann.

Rannsóknir og rannsóknastyrkir

Ársverk í rannsóknum árið 2013 voru 9,7. Ársverk sérfræðinga voru 3,7 í fiskeldis og fiskalífræðideild, 2,2 í ferðamáladeild og 1,4 í hestafræðideild. Ársverkum í ferðamála- og festafræðideild fækkaði, en voru óbreytt í fiskeldis- og fiskalífræðideild. Að auki var eitt stöðugildi í fornleifarannsóknum á vegum skólans. Ársverk sérhæfðs starfsfólks við fiskeldis- og fiskalífræðideild voru rúmlega tvö. Að auki var töluvert vinnuframlag framhaldsnema og verknema við rannsóknir á árinu.

Heildartekjur skólans vegna rannsókna- og þróunarverkefna voru 113 milljónir króna á árinu og jukust um 17% frá fyrra ári. Styrkir úr samkeppnissjóðum námu 72 milljónum króna og var 86% styrkfjárhæða aflað af fiskeldis- og fiskalífræðideild.

Rannsóknavirkni

Rannsóknasvið hefur tekið saman upplýsingar um rannsóknavirkni sérfræðinga skólans. Fram til ársins 2010 jókst fjöldi birtra greina jafnt og þétt og hefur haldist nokkuð stöðugur síðan (tafla 1). Fjöldi bókarkafla og greina í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum var svipaður og á fyrri árum. Hins vegar tvöfaldaðist fjöldi fyrirlestra og veggspjalda á ráðstefnum og fundum frá fyrra ári og var svipaður og á árunum 2010 og 2011.

Tafla 1. Rannsóknavirkni starfsmanna Háskólans á Hólum á árunum 2010-2013.

	2010	2011	2012	2013
Bókarkaflar	1	3		1
Greinar í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum	12	14	13	11
Greinar í öðrum tímaritum og ritröðum		4	1	7
Greinar í ráðstefnuritum	6	7	3	1
Fyrirlestrar og veggspjöld á ráðstefnum	55	48	23	53
Ritstjórn bóka og tímarita	4	5	5	5
Skiplag alþjóðlegra ráðstefna	2			5

Viðauki I. Birtingar 2013

A. Bókarkafar

1. Sandra Granquist og Per-Åke Nilsson. The Wild North: Network Cooperation for Sustainable Tourism in a Fragile Marine Environment in the Arctic Region. In: Müller, DK, Lundmark, L og Lemelin RH (ritstj.). New Issues in Polar Tourism: Communities, Environment, Politics. Eds Müller, DK, Lundmark, L, Lemelin, RH. Springer, pp 123-132.

B. Greinar í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum

1. Imsland, AK, Gunnarsson, S, Roth, B, Foss, A, Le Deuff, S, Norberg, B, Thorarensen, H og Helming, T. Long-term effect of photoperiod manipulation on growth, maturation and flesh quality in turbot. *Aquaculture* **416**: 152-160
2. Jansson A og Harris P. A bibliometric review on nutrition of the exercising horse from 1970 to 2010. *Comparative Exercise Physiology*, **9**: 169-180.
3. Karvonen, A, Kristjánsson, BK, Skúlason, S, Lanki, M, Rellstab, C og Jokela, J. Water temperature, not fish morph, determines parasite infections of sympatric Icelandic threespine sticklebacks (*Gasterosteus aculeatus*). *Ecology and Evolution* **3**: 1507-1517.
4. Kuttner, E, Parsons, KJ, Robinson, BW, Skúlason, S, Danzmann, RG og Ferguson, MM. Effects of population, family, and diet on craniofacial morphology of Icelandic Arctic charr (*Salvelinus alpinus*). *Biological Journal of the Linnean Society* **108**: 702-714.
5. Larranaga, N, Baguette, M, Calvez, O, Trochet, A, Ducatez, S og Legrand, D. Intra- and inter-individual variation in flight direction in a migratory butterfly co-vary with individual mobility. *Journal of Experimental Biology* **216**: 3156-3163.
6. Millet, A, Kristjánsson, BK, Einarsson, A og Rasanen, K. Spatial phenotypic and genetic structure of threespine stickleback (*Gasterosteus aculeatus*) in a heterogeneous natural system, Lake Myvatn, Iceland. *Ecology and Evolution* **3**: 3219-3232.
7. Seymour, M, Rasanen, K, Holderegger, R og Kristjánsson, BK. Connectivity in a pond system influences migration and genetic structure in threespine stickleback. *Ecology and Evolution* **3**: 492-502.
8. Singh, W, Örnólfssdóttir, EB og Stefánsson, G. A camera-bawsed autonomous underwater vehicle sampling approach to quantify scallop abundance. *Journal of Shellfish Research* **32**: 725-732.
9. Woods, PJ, Skúlason, S, Snorrason, SS, Kristjánsson, BK, Ingimarsson, F og Malmquist, HJ. Variability in the functional role of Arctic charr *Salvelinus alpinus* as it relates to lake ecosystem characteristics. *Environmental Biology of Fishes* **3**: 3219-3232.
10. Woods, PJ, Young, D, Skúlason, S, Snorrason, SS og Quinn, TP. Resource polymorphism and diversity of Arctic charr *Salvelinus alpinus* in a series of isolated lakes. *Journal of Fish Biology* **82**: 569-587.

C. Greinar í öðrum ritrýndum tímaritum

1. Sæther, BS, Siikavuopio, SI, Thorarensen, H og Brännäs, E. Status of Arctic Charr (*Salvelinus alpinus*) Farming in Norway, Sweden and Iceland. *Journal of Ichthyology* **53**: 833-839.

D. Opinberir boðsfyrirlestrar

1. Skúli Skúlason. The evolution of diversity: interplay of ecology, genetics and development. Boðsfyrirlestur við Faculty of Medical and Health Science University of Nottingham, Englandi 19. apríl.
2. Skúli Skúlason. The evolution of diversity: The eco-evo-devo interplay. Boðsfyrirlestur við Institute of Ecology and Evolution University of Bern, Sviss 3. desember.
3. Skúli Skúlason. The nature and evolution of biological diversity: Lessons from Northern Freshwater Fishes. Boðsfyrirlestur við Center for Ecology, Evolution and Biogeochemistry Eawag, the Swiss Federal Institute of Aquatic Science and Technology Kastanienbaum Sviss 4. desember.
4. Skúli Skúlason. Thoughts on process and integration in studies of divergent evolution. Centre for Biological Diversity, School of Biology University of St Andrews, Skotlandi 26. apríl.

E. Greinar í ráðstefnuritum

1. Sigurðardóttir, I. Of horses, tourism and lifestyle entrepreneurship in Iceland; business development in equestrian tourism. 22nd Nordic Academy of Management Conference. Conference Proceedings. 19 p. (ISSN 2298-3112).

F. Erindi á alþjóðlegum og innlendum ráðstefnum

1. Antoine Millet, Katja Räsänen, Árni Einarsson og Bjarni K. Kristjánsson. Seasonal variation in phenotypic and genetic structure of threespine stickleback in the dynamic Mývatn. Líffræðiráðstefnan, 8.-9. nóvember.
2. Bergheim, A, Thorarensen, H, Dumas, A, Jøsang, A, Alvestad, O, og Mathisen, F. Water consumption, effluent treatment and waste load in flow-through and recirculating systems for salmonid production in Canada – Iceland – Norway. 2nd Workshop on Recirculating Aquaculture Systems, Álaborg, Danmörk, 10.-11. október.
3. Bjarni K. Kristjánsson. The importance of ecology for shaping intraspecific biodiversity, Workshop on patterns and processes of intraspecific divergence and their relevance to aquatic biological diversity, St Andrews, Skotlandi, 24.-27. febrúar.
4. Bjarni K. Kristjánsson, Romain Theysset, Camille A. Leblanc og Skúli Skúlason. Factors affecting developmental rate in Arctic charr embryos and juveniles. Líffræðiráðstefnan, 8.-9. nóvember.
5. Camille A. Leblanc, Bjarni K. Kristjánsson, Sigurður S. Snorrason, Árni Einarsson og Skúli Skúlason. Fine scale diversity of small benthic cave-dwelling Arctic charr, *Salvelinus alpinus*. Líffræðiráðstefnan, 8.-9. nóvember.
6. Daniel Govoni, Bjarni K. Kristjánsson og Jón S. Ólafsson. Ecology of the hyporheic zone along a thermal gradient. Líffræðiráðstefnan, 8.-9. nóvember.
7. Dowdy, R, Burns, GL, Smart, J, og Jones, D. Visitor perceptions of dingoes on Fraser Island. 5th Biennial Fraser Island Conference. Brisbane, Ástralíu. 8. ágúst.
8. Guðrún Helgadóttir. Emotions in motion: Experiencing hope and grief for the Faroese horse. North Atlantic Forum, Hólum, 13-15. júní.
9. Guðrún Helgadóttir. From the horses mouth : Local views on horse tourism in rural areas. Active countryside tourism, Leeds Metropolitan University, Leeds, Bretlandi, 24. janúar.
10. Guðrún Helgadóttir. *Ferða** Þjóðarspeigillinn Rannsóknir í félagsvísindum XIV. Reykjavík: Háskóli Íslands 25. október.
11. Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. Who is going to do it? The question of tourism development in sparsely populated areas. North Atlantic Forum, Hólum, 13.-15. júní.
12. Helgadóttir, G og Daspher, K. Dear international guests and friends of the Icelandic horse! The 22nd Nordic symposium in hospitality and tourism, Hotel Thon Svolvær, 26. september.
13. Jansson, A. Nutritional strategies for gastrointestinal health – the basics. Sjötta European Equine Health and Nutrition Congress, Ghent, Belgíu, 1.-2. mars.
14. Jansson, A. Forage-only diets to horses in training. German Warm blood breeders conference, Göttingen, Þýskalandi, 13. mars.
15. Jónína Herdís Ólafsdóttir, Jóhann Garðar Þorbjörnsson, Kjartan Guðmundsson, Jón S. Ólafsson og Bjarni K. Kristjánsson. Submersed fissures of Iceland, ecological and geographical mapping. Líffræðiráðstefnan, 8.-9. nóvember.
16. Kalina H. Kapralova, Arnar Pálsson, Bjarni K. Kristjánsson, Soizic Le Deuff, Jannika Neeb, Sigríður Rut Franzdóttir, Zophonías O. Jónsson og Sigurður S. Snorrason. Bones in motion: morphometrics of craniofacial development of Arctic charr sympatric morphs. Líffræðiráðstefnan, 8.-9. nóvember.
17. Katja Räsänen, Antoine Millet, Árni Einarsson og Bjarni K. Kristjánsson. Spatio-temporal dynamics of phenotypic diversity in Myvatn threespine stickleback. Líffræðiráðstefnan, 8.-9. nóvember.
18. Kjartan Bollason. Assessing the sustainability of tourism visitor centres. A case-study approach of an eco-certified and non-eco certified visitor centre inside Vatnajökull National Park. North Atlantic Forum, Hólum, 13-15. júní.
19. Kjartan Bollason. Sjálfbær feegurð. Þjóðarspeigillinn Rannsóknir í félagsvísindum XIV. Reykjavík: Háskóli Íslands 25. október.
20. Larranaga N. og Stefán Óli Steingrímsson. A hard days night: Limited shelters induce a shift to diurnal behavior in Arctic charr *Salvelinus alpinus*. Líffræðiráðstefnan, 8.-9. nóvember.
21. Laufey Haraldsdóttir. Performing nature through food tourism in Iceland. Herbs and plants as tourist products. North Atlantic Forum, Hólum, 13-15. júní.

22. Sigurdardóttir, I. og Helgadóttir, G. Gæði þjónustu og ánægja viðskiptavina í hestaferðapjónustu. Þjóðarspeigillinn Rannsóknir í félagsvísindum XIV. Reykjavík: Háskóli Íslands 25. október.
23. Sigurdardóttir, I. og Steinþórsson, R.S. Cluster development in equestrian tourism; an example from North West of Iceland. Consumer Behavior in Tourism Symposium 2013, Brunico, Ítalíu.
24. Sigurdardóttir, I. Development of practical business handbooks for small recreational businesses. North Atlantic Forum, Hólum, 13.-15. júní.
25. Sigurdardóttir, I. Economic challenges in horse based businesses. North Atlantic Forum, Hólum, 13.-15. júní.
26. Sigurdardóttir, I. Entrepreneurship in equestrian tourism; business development and customer satisfaction. Consumer Behavior in Tourism Symposium 2013, Brunico, Ítalíu.
27. Sigurdardóttir, I. Lífstíll eða lífibrauð; þróun fyrirtækja í hestamennsku á Íslandi. Þjóðarspeigillinn Rannsóknir í félagsvísindum XIV. Reykjavík: Háskóli Íslands 25. október.
28. Sigurdardóttir, I. Of horses, tourism and lifestyle entrepreneurship in Iceland; business development in equestrian tourism. 22nd Nordic Academy of Management Conference, Bifröst/Reykjavík.
29. Sigurður S. Snorrason, Kalina H. Kapralova, Ehsan Pashay Ahi, Jóhannes Guðbrandsson, Arnar Pálsson, Bjarni K. Kristjánsson, Sigríður Rut Franzdóttir, Valerie H. Maier og Zophonías O. Jónsson. Peeking into the black box: The developmental basis of trophic polymorphism in Arctic charr (*Salvelinus alpinus*). Líffræðiráðstefnan, 8.-9. nóvember.
30. Skates, H. Howes, M. Smart, J. Daniels, P. Howlett, C og Burns, G.L. Towards embedding university-wide sustainability teaching. Australian Campuses Towards Sustainability conference. Sydney, Ástralíu. 25.-27. september.
31. Skúli Skúlason og Bjarni K. Kristjánsson. Um ferla og tengsl í vistfræði og þróunarfræði. Líffræðiráðstefnan, 8.-9. nóvember.
32. Skúli Skúlason. Resource polymorphism and speciation: what can we learn from Northern freshwater fishes? Second European Speciation Conference, organized by FROSPETS, in Montpellier, Frakklandi, 27.-29. maí.
33. Skúli Skúlason. Synthesis of workshop. International Workshop on Patterns and Processes of Intraspecific Divergence and their Relevance to Aquatic Biological Diversity. St Andrews, Skotlandi 25.-27. febrúar.
34. Stefán Óli Steingrímsson, Mark R. Roper, Camille A. Leblanc, Bjarni K. Kristjánsson og Árni Einarsson. Foraging mode of cave-dwelling Arctic charr in the Lake Mývatn area. Líffræðiráðstefnan, 8.-9. nóvember.
35. Thorarensen, H. The effect of oxygen saturation on the growth of aquaculture fish. Aquaculture 2013, Nashville, Tennessee, Bandaríkjunum.

G. Veggspjöld

1. Jóhann Garðar Þorbjörnsson, Jónína Herdís Ólafsdóttir, Kjartan Gðmundsson, Bjarni K. Kristjánsson og Jón S. Ólafsson. Comparison of two methods for sampling invertebrates on submerged vertical walls with diving. Líffræðiráðstefnan, 8.-9. nóvember.
2. Ragnhildur Guðmundsdóttir, Etienne Kornobis, Bjarni K. Kristjánsson og Snæbjörn Pálsson. Ciliate epibionts on the groundwater amphipod *Crangonyx islandicus*. Líffræðiráðstefnan, 8.-9. nóvember.
3. Sigurdardóttir, I. og Helgadóttir, G. Gæði þjónustu og ánægja viðskiptavina í hestaferðapjónustu (Service quality and customer satisfaction in horse-based tourism). Þjóðarspeigillinn Rannsóknir í félagsvísindum XIV. Reykjavík: Háskóli Íslands 25. október.
4. Stefán Árnason, Antoine Millet, Árni Einarsson, Bjarni K. Kristjánsson og Katja Räsänen. Temporal and spatial variation in diet and diet-morphology relationships in Lake Mývatn, Iceland. Líffræðiráðstefnan, 8.-9. nóvember.

H. Erindi á málþingi, málstofu eða fundum faghópa

1. Georgette Leah Burns. Tourism, Anthropology and Me: the road to Hólar. Departmental Seminar, Háskólinn á Hólum, 9. október.
2. Guðrún Helgadóttir. Að segja það sem segja þarf við þann sem þarf að heyra það – þannig að hann heyri það. Ferðamálaþing, Hótel Selfoss, 2. október.
3. Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. Identity Work and Tourism Occurance: Cases from Iceland. Kynning á Rannsóknardögum Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála á Húsavík, 11. október.

4. Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. Svæðisbundnir söguhringir - hver er varan? Erindi flutt á málþingi Samtaka um söguferðapjónustu á Sauðárkróki, 7. febrúar.
5. Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. Vangaveltur um ímynd svæða. Fyrstu niðurstöður úr viðtölum við ferðapjónustuaðila í Húnaþingi vestra. Kynning á opnum fundi Ferðamálafélags V-Hún og Markaðsstofu Norðurlands. Hvammstanga, 7. mars.
6. Laufey Haraldsdóttir. Frá hugmyndum og vangaveltum til framkvæmda. Erindi flutt á málþingi um heilsuferðapjónustu á vegum Mývatnsstofu og Nýsköpunarmiðstöðvar „Mývatn – vetur og vellíðan“, Mývatnssveit, 17. janúar.
7. Laufey Haraldsdóttir. Local food and tourism in Iceland. What - why - how? Erindi flutt á skosk-íslensku málþingi á Hellu, 9.-15. júní.
8. Sigurdardóttir, I. Hestar og ferðapjónusta á Norðurlandi vestra. Erindi haldið á aðalfundi Ferðamálasamtaka NLV á Blönduósi 16. apríl.
9. Stefán Óli Steingrímsson. Óðalsatferli og stofnvistfræði ungra laxfiska. Fræðilegt erindi á fyrirlestraröð Stangveiðifélags Akureyrar, 18. mars.
10. Stefánsdóttir, G.J. Physiological responses to exercise in Icelandic horses. Ársfundur (Höstmöte) hjá Íslandshestafélaginu í Aronsborg Bálsta Svíþjóð 2.nóvember.

I. Ritstjórn bóka og tímarita

1. Bjarni K. Kristjánsson. Aðstoðarritstjóri tímaritsins Environmental Biology of Fishes.
2. Bjarni K. Kristjánsson. Í ritstjórn tímaritsins Icelandic Agricultural Sciences.
3. Guðrún Helgadóttir. Aðstoðarritstjóri tímaritsins Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism.
4. Guðrún Helgadóttir. Í ritstjórn tímaritsins FORMakademisk.
5. Guðrún Helgadóttir. Í ritstjórn tímaritsins European Journal of Tourism Hospitality and Recreation.

J. Skiplag alþjóðlegra ráðstefna.

1. Guðrún Helgadóttir. North Atlantic Forum, Háskólanum á Hólum, 13.-15. júní.
2. Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. North Atlantic Forum, Háskólanum á Hólum, 13.-15. júní.
3. Helgi Thorarensen. 2nd Workshop on Recirculating Aquaculture Systems Álaborg Danmörk, 10.-11. október.
4. Helgi Thorarensen. Smolt Workshop 2013.
5. Skúli Skúlason. Second European Speciation Conference, organized by FROSPETS, í Montpellier, Frakklandi, 27.-29. maí.

K. Fræðilegar skýrslur, ritdómar og aðrar greinar

1. Burns, G. L. A Letter from Iceland. Australian Animal Studies Group Bulletin. September 2013. Pp42-43. <http://www.aasg.org.au/bulletins>
2. Burns, G. L. A Second Letter from Iceland. Australian Animal Studies Group Bulletin. Desember 2013. Pp22-23. <http://www.aasg.org.au/bulletins>
3. G Helgadóttir. Journal of Heritage Tourism, Ritdómur um Between art and artifact: archaeological replicas and cultural production in Oaxaca, Mexico.
4. Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. The Entangled Web: Tourism, place and identity. Akureyri: Rannsóknarmiðstöð ferðamála. 37 bls.
5. Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. Viðhorf og sýn ferðapjónustuaðila í Húnaþingi vestra. Skýrslur Háskólans á Hólum 2013-1 - ISSN: ISSN 2298-3880, 16.bl.
6. Helgi Thorarensen, Asbjørn Bergheim, André Dumas, Ragnar Jóhannsson, Ragnheiður I. Þórarinsdóttir. Tomorrow's aquaculture systems NORA Final Report. Skýrslur Háskólans á Hólum 2013-2 - ISSN: 2298-3880, 31. bl.

Viðauki II. Reikningar Háskólans á Hólum 2013

Hólaskóli - Háskólinn á Hólum 02-217			
Rekstrarreikningur			
	Reikningur 2013	Reikningur 2012	Fjárheimildir 2013
Tekjur			
Sértekjur.....	200.672.076	180.769.566	208.700.000
Markaðar tekjur.....	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur.....	17.069.160	17.074.925	11.900.000
Tekjur samtals	217.741.236	197.844.491	220.600.000
Gjöld			
Almennur rekstur.....	501.250.303	536.864.532	520.875.000
101 Hólaskóli - Háskólinn á Hólu.....	501.250.303	536.864.532	520.875.000
Viðhald.....	165.997	2.313.032	3.900.000
501 Viðhald fasteigna.....	165.997	2.313.032	3.900.000
Gjöld samtals	501.416.300	539.177.564	524.775.000
Tekjur umfram gjöld.....	-283.675.064	-341.333.073	-304.175.000
Framlag úr ríkissjóði.....	304.175.000	297.600.000	304.175.000
Hagnaður/tap ársins.....	20.499.936	-43.733.073	0

Hólaskóli - Háskólinn á Hólum
02-217

Efnahagsreikningur

Eignir	Reikningur 31.12.2013	Reikningur 31.12.2012
Fastafjármunir		
Áhættufjármunir.....	100.000	100.000
Langtímakröfur.....	0	0
Fastafjármunir samtals.....	100.000	100.000
Veltufjármunir		
Vörubirgðir.....	0	0
Inneign hjá ríkissjóði.....	0	0
Skammtímalán.....	0	0
Skammtímakröfur aðrar.....	53.360.222	44.070.617
Handbært fé.....	34.260.712	24.339.402
Veltufjármunir samtals.....	87.620.934	68.410.019
Eignir samtals.....	87.720.934	68.510.019
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
Höfuðstóll		
Staða í ársbyrjun.....	-177.749.138	-134.016.065
Breyting v/lokafjárlaga.....	0	0
Hagnaður/tap ársins.....	20.499.936	-43.733.073
Höfuðstóll í árslok.....	-157.249.202	-177.749.138
Annað eigið fé		
Bundið eigið fé.....	0	0
Framlag til eignamyndunar.....	0	0
Annað eigið fé samtals.....	0	0
Eigið fé í árslok.....	-157.249.202	-177.749.138
Langtímaskuldir		
Tekin löng lán.....	0	0
Langtímaskuldir samtals.....	0	0
Skammtímaskuldir		
Yfirdráttur á bankareikningum.....	0	0
Skuld við ríkissjóð.....	233.089.710	231.088.186
Skammtímalántökur.....	0	0
Aðrar skammtímaskuldir.....	11.880.426	15.170.971
Skammtímaskuldir samtals.....	244.970.136	246.259.157
Skuldir samtals.....	244.970.136	246.259.157
Skuldir og eigið fé samtals.....	87.720.934	68.510.019